

Reykjavík, 10. maí 2018.

Efni: Úttekt á stöðu læsisstefna hjá sveitarfélögum og skólum

Til fræðslustjóra sveitarfélaga / skólastjóra

Menntamálastofnun, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, hyggst gera úttekt á stöðu læsisstefna hjá sveitarfélögum og skólum þeirra vegna skuldbindinga sem til eru komnar vegna undirritunar sveitarfélaganna á Þjóðarsáttmála um læsi. Nú eru rúm tvö ár síðan öll sveitarfélög landsins undirrituðu Þjóðarsáttmálann og lýstu yfir vilja til að setja sér læsisstefnu og fara í aðgerðir til að efla læsi. Um þessar mundir er verkefnið hálfnað og rétt að taka stöðuna á framvindu verkefnisins.

Markmið úttektarinnar er annars vegar að afla upplýsinga sem geta nýst læsisteymi Menntamálastofnunar til að tryggja sveitarfélögunum betri ráðgjöf og þjónustu vegna framkvæmdar á sáttmálanum. Hins vegar að veita sveitarfélögum nánari upplýsingar um framvindu sáttmálans og leggja grunn að frekari aðgerðum til að efla læsi. Sveitarfélögin munu fá upplýsingar um eigin stöðu og heildarniðurstöður á landsvísu.

Úttektin verður í formi rafræns spurningalista og verður hann opinn dagana 14. – 25. maí. Gallup mun annast úttektina en sambandið mun annast lokaeftirfylgni við öflun upplýsinganna. Hægt verður að greina niðurstöður einstakra sveitarfélaga og skóla en þær verða nýttar til að efla þjónustu og ráðgjöf við aðila Þjóðarsáttmálans, eins og áður segir. Heildarniðurstöður fyrir landið munu berast/verða kynntar fyrir haghöfum þegar þær liggja fyrir en haghafar eru Samband íslenskra sveitarfélaga, fræðslustjórar eða annar yfirmaður menntamála hjá sveitarfélagi, skólastjórar, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Menntamálastofnun.



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga



Sverrir Óskarsson

sviðsstjóri matssviðs hjá Menntamálastofnun